



Íslandsmót einstaklinga 2015

Íslandsmót einstaklinga 2015 verður haldið dagana 31 janúar til 3. febrúar í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð.

Olíuburður í mótinu, er 2014 ECC Reykjavík 41 fet
Á laugardeginum leika karlar í Öskjuhlíð og konur í Egilshöllinni en á sunnudeginum leika karlar í Egilshöll og konur í Öskjuhlíð.
Milliriðill er eingöngu spilaður í Egilshöll.

Forkeppni helgina 31. janúar og 1. febrúar.

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum.
Keppni byrjar kl. 9:00 laugardag og sunnudag.
Verð í forkeppni kr. 10.000,-
16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

Milliriðill mánudaginn 2. febrúar kl. 19:00

Spilaðir eru 6 leikir.
Verð í milliriðil kr. 5.000,-
Efstu 8 karlar og 8 konur halda áfram í undanúrslit.

Undanúrslit þriðjudaginn 3. febrúar kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 8 konur, einföld umferð.
Verð í undanúrslit kr. 5.500.
Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita.

Úrslit þriðjudaginn 3. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvænna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3. stig).
Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga](#).

[Skráning fer aðeins fram á netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 29. janúar klukkan 22:00.

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.